

Dropinn holar steininn: Upplifun stjórnmála- og fjölmiðlafólks af óvæginni umræðu og áreitni á netinu

Bríet B. Einarsdóttir, MA í fjölmiðla- og boðskiptafræði frá Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Jón Gunnar Ólafsson, nýdoktor, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að kanna upplifun og viðhorf stjórnmála- og fjölmiðlafólks hérlendis af óvæginni umræðu og áreitni á netinu. Slík umræða og áreitni hefur verið áberandi að undanfögnu og er af mörgum álitin vaxandi vandamál í ört breytilegu fjölmiðla- og stjórnmálaumhverfi, sem einkennist af breyttum samskiptaháttum fólks, meðal annars á samfélagsmiðlum. Rannsóknin varpar ljósi á þau áhrif sem óvæginn umræða og áreitni getur haft í för með sér á fjölmiðla- og stjórnmálafólk, bæði á líf þeirra og störf, en ekki síður á lýðræðið. Framkvæmd var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við einstaklinga úr hópi fjölmiðla- og stjórnmálafólks, en um var að ræða áberandi persónur í þjóðfélaginu. Viðtölin voru þemagreind og notast var við verklag grundaðrar kenningar til að draga fram helstu niðurstöður. Þær voru síðan settar í samhengi við fræðilega umfjöllun og rannsóknir um samfélagsmiðla og netáreitni. Niðurstöðurnar fólu í sér þrjú meginþemu og voru þau eftirfarandi: samfélagsmiðlar sem tvíeggja sverð, normalisering á netáreitni og loks upplifun, áhrif og afleiðingar slíkrar áreitni. Hugmyndir viðmælenda um samfélagsmiðla fólu meðal annars í sér að þeir væru búnir bæði jákvæðum og neikvæðum eiginleikum. Þá einkenndist orðræðan að miklu leyti af því að normalisera netáreitni, reynt var að draga úr áhrifum hennar og hún að nokkru leyti álitin eðlilegur fylgifiskur þess að vera opinber persóna. Hvað upplifun, áhrif og afleiðingar



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 18, Issue 2 (189-212)

© 2022 Contact: Bríet B. Einarsdóttir, bibieinars@gmail.com

Article first published online December 15th 2022 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 2. tbl. 18. árg. 2022 (189-212) Fræðigreinar

© 2022 Tengiliður: Bríet B. Einarsdóttir, bibieinars@gmail.com

Vefbirting 15. desember 2022 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.2.2>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

varðaði sást meðal annars skýr kynjamunur á persónulegri upplifun viðmælenda af netáreitni, bæði hvað algengi hennar, eðlismun og alvarleika varðaði. Eins mátti greinilega merkja meiri áhrif netáreitni meðal viðmælenda en talið var í fyrstu og alvarleiki hennar ágerðist eftir því sem leið á viðtölin.

Efnisorð: Netáreitni; samfélagsmiðlar; fjölmiðlar; stjórnmál; skautun.

The drop hollows out the stone: How politicians and journalists experience harsh discourse and harassment online

Abstract

The purpose of this study is to explore the views and experiences of politicians and journalists in Iceland regarding harsh discourse and harassment online. This type of discourse and harassment is prevalent in contemporary society and seen by many as an increasingly serious problem in the ever-changing landscape of media and politics, which involves changes in people's interactions, for example on social media. The study sheds a light on the possible impact of such discourse and harassment, not only as regards the lives and work of politicians and journalists, but also on democracy itself. A qualitative study was conducted where individuals from both professions were interviewed, all of whom are prominent figures in Iceland. The interviews were thematically analyzed and methods of grounded theory used for drawing conclusions, which were then contextualized with relevant theories and research into social media and online harassment. The results revealed three main themes: social media as a double-edged sword, normalization of online harassment, and finally, the experiences, effects and consequences of such harassment. The interviewees' perceptions of social media included both positive and negative attributes. Furthermore, their views and discussion were characterized by the normalization of online harassment, where it was not seen as a serious problem and instead considered a natural consequence of being a public figure. In regards to the experiences, effects and consequences of such harassment, clear signs of gender differences were found, both in its frequency, nature and severity. The impact of online harassment seemed to be more substantial among the participants than first appeared and the participants' views on the subject became increasingly more serious as the interviews progressed.

Keywords: Online harassment; social media; mass media; politics; polarization.

Inngangur

Í hinum tæknivædda heimi nútímans fara samskipti fólks að miklu leyti fram í gegnum netið og samfélagsmiðla. Því fylgja ótvíræðir kostir, sem felast meðal annars í hröðum og gagnvirkum samskiptum milli fólks víðs vegar um heiminn. Gallar þessarar þróunar eru þó síst færri og lúta til dæmis að þeirri auknu skautun (e. polarization) sem getur átt sér stað meðal notenda og ýtt undir neikvæða umræðu á hinum stafræna vettvangi. Slík

umræða getur tekið á sig óvinveitta og skaðlega birtingarmynd, oft í formi áreitni (Jane 2020). Í því samhengi hefur fyrirbærið *netáreitni* reynst mörgum erfitt að skilgreina og er hugtakanotkun þess oft óljós. Í grunninn er áreitnin þó oftast skilgreind sem endurtekin, óæskileg hegðun í gegnum netið, sem veldur þeim sem fyrir henni verður skaða. Hún á sér margar birtingarmyndir og getur meðal annars falist í dónalegum eða óviðeigandi skilaboðum, niðrandi orðræðu, neikvæðum athugasemdum og hótunum um líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi (Lapidot-Lefler & Barak 2012). Gjarnan er talað um *óvægna umræðu* í samhengi við orðræðuna og athugasemdirnar sem fylgja netáreitni.

Starfs síns vegna eru einstaklingar sem vinna á opinberum vettvangi, líkt og stjórnmála- og fjölmiðlafólk, sérstaklega útsett fyrir hvers kyns áreitni í gegnum netið og mörgum þykir það jafnvel eðlilegur fylgifiskur þess að vera opinber persóna. Hér á landi hefur slík áreitni ekki endilega verið álitin stórt vandamál og ríkrar tilhneigingar gætt til að gera lítið úr henni. Nýleg umræða um hótanir og hatursorðræðu í garð stjórnmálafólks ber þess til að mynda glögglega merki, þar sem meðal annars hefur verið talað um að það þurfi einfaldlega að þola þetta og fólk eigi ekki að vera að „væla“ (sjá t.d. visir.is 2022), en fjölmörg dæmi sýna að íslenskt fjölmiðla- og stjórnmálafólk hefur lent í alvarlegri áreitni, meðal annars á netinu (sjá t.d. kjarninn.is 2022). Það er því full ástæða til að veita þessu viðfangsefni meiri athygli en hingað til hefur verið gert. Markmið þessarar rannsóknar er að dýpka skilning á og skoða hvernig þessir tilteknu þjóðfélags hópar upplifa netáreitni og þá óvægna umræðu sem henni tengist. Ekki einungis gagnvart sjálfum sér heldur einnig samfélaginu í heild, meðal annars hvað varðar lýðræðislega umræðu, og er þetta í fyrsta sinn sem slík rannsókn hefur verið framkvæmd á Íslandi.

Fyrirliggjandi rannsóknir sem tengjast viðfangsefninu héraendis og ber helst að nefna eru þrjár talsins. Fyrir það fyrsta framkvæmdi Fjölmiðlanefnd könnun þar sem upplifun almennings af netinu og reynsla af haturstali var athuguð. Í ljós kom að næstum fjórðungur Íslendinga hafði nýlega upplifað hatursfull ummæli á netinu (Fjölmiðlanefnd 2021). Þá er einnig nýlokið alþjóðlegri rannsókn á vegum *Worlds of Journalism Study*, sem kannaði meðal annars öryggi íslenskra blaðamanna en samkvæmt henni hafði stór hluti þeirra, eða 47%, upplifað hótanir eða ógnanir á starfsferli sínum og 12% þeirra verið beittir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi í starfi sínu. Í hinu síðarnefnda voru konur í langstærstum meirihluta (Birgir Guðmundsson 2021). Þá var Ísland meðal þátttakenda í *The Media for Democracy Monitor*, þar sem borin voru saman úrræði 18 landa varðandi áreitni í garð blaðamanna. Í rannsókninni kom fram að alvarlegar árásir á íslenska blaðamenn væru sjaldgæfar. Eitthvað væri þó um aðrar tegundir áreitni — svo sem í gegnum netið, og hallaði þar einnig á hlut kvenna (Valgerður Jóhannsdóttir, Jón Gunnar Ólafsson & Friðrik Þór Guðmundsson 2021). Þessar rannsóknir varpa ekki ljósi á persónulega upplifun fjölmiðla- og stjórnmálafólks af slíkrri áreitni, né heldur kanna þær stöðu þessara hópa í sameiningu og engin þeirra hefur einblínt á stjórnmálafólk. Algengt er að rannsaka fjölmiðla- og stjórnmálafólk í sameiningu í erlendum rannsóknum á sviði fjölmiðla og stjórnmála (sjá t.d. Davis 2009). Ástæðan er sú að þessir hópar þjóna báðir mikilvægu lýðræðislegu hlutverki og sameiginlega stuðla að því að miðla upplýsingum um stjórnmál til almennings. Stjórnmálafólk tjáir sig og framkvæmir á meðan fjölmiðlafólk flytur

fréttir af þeirra störfum. Ef netáreitni hefur á einhvern hátt áhrif á annan hópinn getur það haft afleiðingar fyrir störf hins hópsins og hvernig upplýsingar um stjórnmál berast til almennings. Það getur því dýpkað skilning okkar að rannsaka báða hópana saman. Sú rannsókn sem hér hefur verið framkvæmd er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi sem einblínir sérstaklega á óvægna umræðu og netáreitni í garð þessara tveggja þjóðfélags- hópa og kafar dýpra ofan í áhrif þessarar tilteknu tegundar áreitni en áður hefur verið gert.

Á tímum þar sem traust almennings á stjórnvöldum og fjölmiðlum fer dvínandi víða um heim og alvarlegar aðfarir eru gerðar að lýðræðislegu hlutverki fjölmiðla í fjölda ríkja (Davis 2019), er nú mikilvægara sem aldrei fyrr að kortleggja möguleg áhrif óvæginna umræðu og netáreitni á fólk sem starfar á þessum vettvangi. Til að öðlast betri skilning á því hvernig áreitnin birtist stjórnmála- og fjölmiðlafólki og hvaða afleiðingar hún getur haft á líf þeirra og störf, er leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum út frá íslensku samhengi:

- Hverjar eru hugmyndir stjórnmála- og fjölmiðlafólks um samfélagsmiðla og áhrif þeirra á samfélagsumræðuna?
- Hver er upplifun stjórnmála- og fjölmiðlafólks af áreitni á netinu, hvernig hefur það brugðist við henni og hvaða afleiðingar getur slík áreitni haft í för með sér?

Í greininni er fyrst farið yfir fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar, sem byggir á hugmyndum um hliðvörslu, samfélagsmiðlanotkun fjölmiðla- og stjórnmálafólks, og skautun. Næst er farið yfir þá aðferðafræði sem notast var við í rannsókninni ásamt því að gerð er grein fyrir framkvæmd hennar og gagnaúrvinnslu. Í kjölfarið eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og þrjú meginþemu úr viðtölunum eru dregin fram og útlustuð nánar. Loks eru niðurstöður settar í samhengi við fræðilegan ramma rannsóknarinnar.

1. Fræðileg umfjöllun

1.1 Samfélagsmiðlar, netið og breytt hliðvarsla

Tæknileg þróun síðustu ára, þá sérstaklega tilkoma internetsins, hefur ollið straumhvörfum og breytt samskiptaháttum fólks (Davis 2019). Í dag teljast um 4,7 milljarðar manna vera virkir notendur að netinu, sem gerir tæplega 60% íbúa heimsins (Statista 2021). Stór hluti netnotkunar fólks fer fram á samfélagsmiðlum (Fenton 2016), en áætlað er að um 3,6 milljarðar manna noti samfélagsmiðla á heimsvísu (Statista 2022). Samkvæmt tölum frá Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, er samfélagsmiðlanotkun á Íslandi um 93% — mest allra EES-landa (Eurostat 2021). Samfélagsmiðlar eru að mörgu leyti ólíkir hefðbundnum fjölmiðlum, en miðlarnir byggjast upp á því að notendur búi sjálfir til og dreifi því efni sem birtist þar. Hugtakið þátttökumenning (e. participatory culture) hefur verið notað í þessu samhengi og vísar í andstæðu við hefðbundna fjölmiðlun, þar sem einungis einn sendandi nær til margra viðtakenda (Fuchs 2017). Ólíkt hinum hefðbundnu miðlum er oft ekki um neinn millilið að ræða og yfirléitt á engin formleg rit- eða

staðreindaskoðun sér þar stað (Allcott & Gentzkow 2017). Viðskiptalíkan miðlanna felur einnig oftast í sér að þeir séu notendum sínum að kostnaðarlausu — að minnsta kosti á yfirborðinu — sem sker sig frá þeim fjölmiðlum sem rukka fyrir aðgang (Freedman 2016).

Samfélagsmiðlar eru taldir hafa spilað stórt hlutverk í ýmsum mikilvægum samfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað síðastliðin ár. Má þar nefna svokallaðar „Twitter“- eða „Facebook-byltingar“ — oft kenndar við félagshreyfingar á borð við *arabíska vorið*, *Black Lives Matter* og *MeToo* (Tucker o.fl. 2017). Þar hafa almennir borgarar nýtt sér miðlana til að vekja athygli á málefnum sem standa oft utan kastljóss hefðbundinna fjölmiðla eða eru þöggvað niður af einhverjum ástæðum. Fyrir tilstilli samfélagsmiðla hefur fólk þvert á landamæri getað skipulagt og samhæft aðgerðir sínar, blásið til mótmæla, beitt opinberum þrýstingi og átt í samskiptum án afskipta yfirvalda (Howard o.fl. 2011). Margir vilja þó stíga varlega til jarðar þegar kemur að því að eigna samfélagsmiðlum heidurinn að slíkum breytingum og telja samspil margra undirliggjandi þátta — í bland við miðlana — hafa stuðlað að því að hægt var að knýja þær fram á þessum tímapikti (Curran 2016). Vert er að hafa í huga að ekki er hægt að alhæfa um kosti og galla samfélagsmiðla, þar sem þeir búa yfir ólíkum eiginleikum (e. affordances) og bjóða upp á mismunandi samskiptahætti og virkni (Stier o.fl. 2018).

Mikilvægt hlutverk fjölmiðla og stjórnvalda í samfélaginu snýr að hliðvörslu (e. gate-keeping). Almennigur hefur treyst á hliðverði til að miðla upplýsingum áleiðis og umbreyta aragrúa gagna og atburða í viðuráðanlegan fjölda auðskiljanlegra skilaboða — til dæmis í formi fréttu eða reglugerða. Þetta hliðvörsluferli ákvarðar hvaða upplýsingar komast á framfæri og hvernig þær eru túlkaðar og framsettar á opinberum vettvangi. Einnig liggur ákvörðunarvald hliðvarða í því hvaða upplýsingar njóta síður hygli þeirra og komast ekki í gegnum „hliðin“. Þau málefni standa þá utan vitneskju almennings og verða aldrei hluti af félagslegum veruleika fólks (Shoemaker & Vos 2009). Samskiptatækni netsins og samfélagsmiðla, ásamt þátttöku almennings, hafa leitt til vangavelta um stöðu hinna hefðbundnu hliðvarða, sem margir telja að sé á hröðu undanhaldi. Með gagnvirkni netsins sé hinn almenni borgari orðinn sinn eigin hliðvörður sem stjórnir því hvaða upplýsinga hann neytir (Garimella 2018). Að sama skapi hafi hið stafræna umhverfi fært almenna borgara nær stjórnvöldum og gert þeim kleift að hafa meiri áhrif á opinbera ákvarðanatöku (Tromble 2018). Þótt almennigur sé farinn að leggja sitt af mörkum við ýmsa hliðvörslu telja margir að á endanum séu það samt alltaf hefðbundnu hliðverðirnir sem hafi úrslitavald. Þeim hafi einfaldlega tekist að aðlaga nýju miðlana að rótgrónu hliðvarðahlutverki sínu (Tandoc & Vos 2015). Hinum stóru, hefðbundnu fjölmiðlum hafi til að mynda tekist að tryggja yfirráð sín yfir stafrænum fréttamarkaði í flestum ríkjum og séu þar í ráðandi markaðsstöðu (Fenton 2016). Slíkt er til að mynda raunin á Íslandi, en langstærstu netfréttamiðlarnir héraendis eru í eigu hefðbundinna fjölmiðlafyrirtækja á borð við Árvakur og Sýn (Valgerður Jóhannsdóttir, Jón Gunnar Ólafsson & Friðrik Þór Guðmundsson 2021). Engu að síður hefur eðli hliðvarðahlutverksins óneitanlega breyst með tilkomu nýrrar tækni og fleiri þátttakendur koma nú að hliðvörsluferlinu en nokkurn tíma áður (Singer 2014).

Það er ekki einungis fjölmiðlaumhverfið sem hefur tekið breytingum undanfarið með tilkomu nýrra miðla. Pólitísk samskipti mótast í dag að miklu leyti af samfélagsmiðlum en þar getur stjórnmálafólk meðal annars virkjað fylgismenn sína, komið skilaboðum áfram, haft áhrif á opinbera umræðu og notað miðlana til að koma sjálfum sér á framfæri á hinu pólitíska sviði (Stier o.fl. 2018; Kreiss 2016). Stjórnmálafólk getur einnig nýtt samfélagsmiðla til að sýna á sér persónulegri hliðar sem gera viðkomandi mannlegri í augum áhorfenda. Mörkin á milli hins faglega og persónulega hafa því orðið nokkuð óljós með tilkomu samfélagsmiðla og ýtt undir áhuga fjölmiðla og almennings á einkalífi stjórnmálafólks. Það gerir það að verkum að aukin persónuvæðing (e. personalization) stjórnmála hefur átt sér stað (Ekman & Widholm 2015). Rannsóknir hafa einnig sýnt að stjórnmálafólk er oft meðvitað um ólíka eiginleika samfélagsmiðla, til dæmis hvað varðar markhóp og dreifingu, og aðlaga skilaboð sín eftir því (Stier o.fl. 2018).

Fjölmiðlafólk nýtir sér einnig samfélagsmiðla í starfi sínu. Miðlarnir hafa opnað á nýja tegund samtals milli fjölmiðla og markhóps þeirra, leyft þeim að eiga í beinum samskiptum og fá endurgjöf við birt efni — svo ekki sé minnst á upplýsingagjöf. Tæknin auðveldar fjölmiðlafólki að fylgjast með stöðu mála í samfélaginu, sem og öðrum fréttadeða upplýsingaveitum (Tandoc & Vos 2015). Rétt eins og stjórnmálafólk, notar fjölmiðlafólk samfélagsmiðla bæði fyrir starf sitt og einkalíf. Það notar þá til að koma sjálfu sér og fréttum sínum á framfæri, á sama tíma og það stólar á miðlana fyrir upplýsingaöflun. Að auki mótast skilaboð þeirra á samfélagsmiðlum af þeim tilteknu eiginleikum sem miðlarnir hafa yfir að búa. Þar sem samfélagsmiðlar eru í eðli sínu persónulegri en hefðbundnir fjölmiðlar glímir fjölmiðlafólk einnig við hin óljósu mörk á milli hins faglega og persónulega (Ekman & Widholm 2015).

Eftir því sem samfélagsmiðlanotkun festir sig betur í sessi meðal stjórnmála- og fjölmiðlafólks hefur samfélagið gert ríkari kröfur um gagnvirk samskipti og aukið aðgengi að því. Eins og Tromble (2018) bendir á í yfirferð sinni eru þó ekki alveg sömu kröfur gerðar til stjórnmálafólks og fjölmiðlafólks, þar sem stjórnmálafólk hefur stundum ekki gefið almenningi mikið færi á sér í gegnum tíðina. Það hefur þannig oft notið meiri friðhelgi en fjölmiðlafólk, á meðan eðli starfsins vegna er gert ráð fyrir því að fjölmiðlafólk sé virkt á samfélagsmiðlum nánast allan sólarhringinn, líkt og erlendar rannsóknir sýna (t.d. Finneman, Thomas & Jenkins 2019). Engu að síður er heildarmyndin sú sama, samskiptin á milli þessara hópa hafa færst úr því að vera á köflum einhliða yfir í að vera töluvert gagnkvæm. Væntingar almennra borgara til samskipta við ráðamenn hafa breyst með tilkomu samfélagsmiðla, þar sem þeir hafa skapað nýtt og opnara almannaráymi sem býður upp á beinni samskipti við þá á jafningjavettvangi (Tromble 2018).

1.2 Netáreitni og skautun

Á meðan samfélagsmiðlar hafa óneitanlega haft í för með sér margar jákvæðar, samfélagslegar breytingar, hafa þeir einnig reynst vettvangur neikvæðra og öfgafullra samskipta sem einkennast oft af fordómum og umburðarleysi (Tucker o.fl. 2017). Rannsóknir hafa sýnt að sumt fólk eigi það til að líta á netið sem eins konar óáþreifanlegan, huglæg vettvang þar sem óformlegheit eru í fyrirrúmi og allt leyfist. Fólk hafi því

minni hömlur og leyfir sér grófari og illgjarnari orðræðu en í raunveruleikanum (Lapidot-Lefler & Barak 2012). Sú orðræða sem tíðkast á netinu getur því tekið á sig óvinveitta eða skaðlega birtingarmynd — oft í formi netáreitni (Jane 2020). Netáreitni (e. online harassment) er margslungið fyrirbæri og mörg hugtök hafa verið notuð til að ná utan um það. Sem dæmi má nefna neteinelti (e. cyberbullying), svokallað „flaming“, net-hatur (e. cyberhate), netelti (e. cyberstalking) og netofbeldi (e. online abuse) (Lowry o.fl. 2016; Jane 2020). Í grunninn eiga hugtökin það flest sameiginlegt að skilgreina fyrirbærið sem þá athöfn að tjá sig með fjandsamlegum hætti í garð annarra á netinu. Hegðunin getur falið í sér að senda meiðandi skilaboð til viðkomandi, nota blótsyrði eða niðrandi orð, koma með neikvæðar eða óviðeigandi athugasemdir (oft kynferðislegar) eða hótanir (Lapidot-Lefler & Barak 2012). Ásetningurinn með slíkri hegðun er að skaða þann sem fyrir henni verður með ýmsum hætti, svo sem með því að koma viðkomandi í uppnám eða vekja upp ótta (Lowry o.fl. 2016). Netáreitni getur að mörgu leyti reynst erfiðari viðureignar en áreitni sem á sér stað í raunheimum, þar sem útbreiðsla hennar og hraði er margfaldur á við hina og því nánast ómögulegt að stöðva hana. Hún er jafnvel talin geta valdið meiri sálrænum skaða en „raunveruleg“ áreitni vegna umfangs hennar og þess hve margir geta orðið vitni að henni (Lowry o.fl. 2016).

Eðli starfsins vegna er fjölmiðla- og stjórnmálafólk sérstaklega útsett fyrir netáreitni og öryggi þeirra er víða ógnað. Konur eru þar oft í meirihluta, en í nýlegri rannsókn UNESCO kemur fram að 73% þeirra kvenkyns blaðamanna sem tóku þátt höfðu upplifað netáreitni og í 20% tilfella hafði það leitt til áreitni í raunheimum (UNESCO 2021). Rannsakendur hafa veitt þessu vandamáli aukna athygli og hugtakið kynjuð netáreitni hefur verið notað yfir það. Slík áreitni snýr að konum sérstaklega og á sér djúpar rætur í samfélaginu. Birtingarmyndir hennar eru ýmsar en undirtónninn er oft kynferðislegur. Áreitnin er annars eðlis en sú sem karlar verða fyrir á netinu, en algengt er að áreitnin gegn konum snúist um þær persónulega — svo sem út frá útliti þeirra, greind eða kynþætti (Barker & Jurasz 2019). Karlar eru frekar gagnrýndir á hlutlagari hátt — út frá faglegum forsendum, skoðunum þeirra eða gjörðum. Hin mikla áreitni sem konur verða oft fyrir á netinu getur leitt til þess að þær sleppa því alfarið að taka þátt í umræðum þar (Citron 2014). Slíkt getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir tjáningarfrelsi kvenna og haft áhrif á þátttöku þeirra í opinberri umræðu (Amnesty International 2018).

Á undanförunum árum hafa orðið miklar hugmyndafræðilegar sviptingar á sviði stjórnmála víða um heim. Ákveðin gjá hefur myndast á milli fólks og hefur almenn-ingur í auknum mæli skipt sér í fylkingar sem taka skýra og afdráttarlausa afstöðu hvor gegn annarri. Aukinnar fjandsemi gætir milli hinna stríðandi fylkinga, sem grefur bæði undan siðmenntuðum samskiptum og gagnkvæmum skilningi þeirra á milli (Tucker o.fl. 2018). Svartsýnar raddir tala um hnignun lýðræðisins eins og við þekkjum það. Sama má segja um fjölmiðlaumhverfið, sem hefur gjörbreyst og stjórnað nú að miklu leyti af samfélagsmiðlum (Davis 2019). Viðtæk notkun samfélagsmiðla, ásamt dvínandi trausti á fjölmiðla og aðrar hefðbundnar stofnanir samfélagsins eru taldir einir helstu áhrifaþættir í uppgangi skautunar (e. polarization) í heiminum (Tucker o.fl. 2018). Þar sem uppbygging og innra skipulag samfélagsmiðla gerir fólkskum og órekjanlegum upplýsingum

kleift að flæða með nánast frjálsum hætti, ýtir það undir svonefnda upplýsingaóreiðu (e. information disorder) (Wardle & Derakhshan 2017). Upplýsingaóreiðan breiðir út ýmsar pólitískar ranghugmyndir sem geta haft áhrif á þjóðfélagsumræðuna og magnar upp frekari skautun meðal almennings (Tucker o.fl. 2018). Einstaklingsmiðað efni á samfélagsmiðlum stuðlar svo að því að notendur komist sjaldnar í kynni við skoðanir sem eru þeim frábrugðnar. Þessu hefur verið líkt við að notendur séu staddir í bergmálshelli (e. echo chamber) þar sem þeir heyra einungis enduróminn frá svipað þenkjandi fólki, sem styrkir núverandi skoðanir þeirra í sessi og eykur á skautun (Wardle & Derakhshan 2017).

Samfélagsmiðlar og stóru tæknifyrirtæki heimsins ýta enn fremur undir skautun með því að byggja viðskiptalíkön sín á svokölluðum „eftirlitskapitalisma“ (e. surveillance capitalism). Þar safna þau ítarlegum upplýsingum um notendur sína og atferli þeirra á netinu. Upplýsingunum er síðan umbreytt í gögn sem geta spáð fyrir um — og jafnvel stýrt — framtíðarhegðun notenda. Gögnin selja þau svo til annarra aðila fyrir eigin ábata (Zuboff 2019). Með persónumiðudum upplýsingum samfélagsmiðla verður heimssýn fólks þannig stöðugt hlutdrægari og umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra minnkar (Lazer o.fl. 2018; Farkas & Schou 2020). Sumir hafa þó bent á að samfélagsmiðlar stuðli að, frekar en dragi úr, því að notendur sjái fjölbreytt efni, þar sem alltaf er um einhverja skörun að ræða (Bakshy, Messing & Adamic 2015). Engu að síður má draga þá ályktun af rannsóknum að samfélagsmiðlar og skautun hafi samverkandi áhrif hvort á annað og geti í sameiningu ýtt undir óvægna umræðu og áreitni á netinu.

2. Aðferðir og gögn

Markmið rannsóknarinnar er að öðlast innsýn í upplifun og viðhorf stjórnmála- og fjölmiðlafólks hérlendis af óvæginni umræðu og áreitni á netinu. Með það að leiðarljósi er rannsóknin unnin á grundvelli viðtalsaðferðar, en hún er talin ákjósanleg rannsóknaraðferð við að rannsaka upplifun og viðhorf einstaklinga þar sem hún býður upp á dýpri greiningu en margar aðrar aðferðir (Wang & Park 2016). Í rannsókninni voru tekin átta hálfstöðluð (e. semi-structured) viðtöl. Líkt og tíðkast í hálfstöðluðum viðtölum fengu allir viðmælendur sömu spurningar en hinn fyrirfram ákveðni viðtalsrammi var jafnframt sveigjanlegur upp að vissu marki og tók breytingum eftir því sem leið á viðtölin og eftir þörfum hvers viðmælenda (Berg 2009). Viðtalsrammanum var skipt upp í spurningar varðandi samfélagsmiðlanotkun viðmælenda, áhrif samfélagsmiðla á samfélagsumræðuna, tengsl og samskipti almennings við stjórnmála- og fjölmiðlafólk, hegðun fólks á netinu, netáreitni í víðu samhengi og persónulega reynslu viðmælenda af netáreitni og óvæginni umræðu.

Við val á þátttakendum var stuðst við markvisst úrtak (e. purposive sample), þar sem þeir þátttakendur voru valdir sem gátu veitt hvað mestar upplýsingar um viðfangsefnið (Rosenthal 2016). Í því ljósi var miðað við að viðmælendur væru mjög áberandi í þjóðfélagsumræðunni, nöfn þeirra væru þekkt og þeir hefðu verið sýnilegir í ýmsum málum sem vakið hafa athygli og umtal. Það þótti því líklegt að þessir einstaklingar hefðu upplifað óvægna umræðu eða áreitni á netinu og gætu veitt þær upplýsingar sem leitast var

eftir. Viðmælendur komu til jafns úr hópi fjölmiðla- og stjórnmálafólks, fjórir úr hvorum hópi fyrir sig, og voru allir starfandi í sínu fagi þegar þeir tóku þátt í rannsókninni, og var það gert í þeim tilgangi að afla upplýsinga sem vörðuðu núverandi stöðu viðmælanda.

Fjórir konur og fjórir karlar tóku þátt í rannsókninni. Tvær stjórnmálakonur, tvær fjölmiðlakonur, tveir stjórnmálamenn og tveir fjölmiðlamenn. Enginn viðmælendanna samsvaraði sig með öðrum kynjum. Aldur þeirra var á bilinu 30-56 ára og meðalaldur var 41 árs. Reynt var að ýta undir fjölbreytni viðmælanda, svo sem með því að hafa breitt aldursbil, velja fjölmiðlafólk sem starfaði ýmist á ljósvaka- eða prentmiðlum og vann hjá ólíkum fyrirtækjum. Að sama skapi var það stjórnmálafólk valið sem var ýmist í stjórn eða stjórnarandstöðu og starfaði ýmist á þingi eða í borgarstjórn. Viðtölin voru tekin á höfuðborgarsvæðinu og fóru fram í mars 2022. Þau voru að jafnaði um 50 mínútna löng, alls rúmlega sjö klukkustundir. Viðmælendum var heitið fullum trúnaði og nafnleyndar var gætt þar sem umræðuefnið var af viðkvæmum toga og líklegra þótti að viðmælendur tjáðu sig með opnari hætti ef ekki væri hægt að rekja upplýsingarnar til þeirra. Vegna smæðar samfélagsins og starfsvettvangs viðmælendahópsins var enn fremur lögð áhersla á að vernda persónugreinanlegar upplýsingar um viðmælendur út frá frásögnum þeirra. Þetta hefur óneitanlega áhrif á framsetningu á niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem ekki var alltaf hægt að fara með nákvæmum hætti yfir dæmi sem viðmælendur fjölluðu um í viðtölunum.

Í rannsókninni var stuðst við verklag þemagreiningar (e. thematic analysis) og grundaðrar kenningar (e. grounded theory). Þemagreining er notuð til að koma skipulagi á eigindleg rannsóknargögn til að unnt sé að draga þau saman í mynstur, eða þemu, sem varpa ljósi á rannsóknarspurningarnar (Braun & Clarke 2006). Verklag grundaðrar kenningar byggist á nálgun aðleiðslu (e. inductive approach), þar sem gögnin sjálf eru látin ráða för við greiningu þeirra og þau í sífellu endurmetin og samanburði beitt eftir því sem þau þróast (Charmaz 2014). Viðtölin voru öll afrituð með nákvæmum hætti og í kjölfarið voru skrifuð minnisblöð um hvert þeirra. Þetta er gert til að auðvelda greiningarvinnuna, en einnig til að tryggja nákvæmni og halda trúnaði við viðmælendur, svo að rétt sé haft eftir þeim (Rosenthal 2016). Afrituðu gögnin voru síðan flokkuð í kóða með verklagi grundaðrar kenningar, þar sem farið var yfir hverja línu fyrir sig (e. line-by-line coding) og þau atríði merkt sem ýmist komu ítrekað fyrir, tengdust rannsóknarspurningunum eða talin voru mikilvæg á einhvern hátt. Slík kóðun er talin geta hjálpað við að rýna í hvern einasta hluta gagnanna og draga fram hluti sem annars hefðu yfirsést og komast að raunverulegri merkingu þeirra (Charmaz 2014). Samhliða kóðuninni var hefðbundinni þemagreiningu beitt, þar sem gögnin voru sífellt endurmetin og lesin í þeim tilgangi að sjá hvað þau áttu sammerkt sín á milli. Eftir ítarlega kynningu á gögnunum voru kóðarnir flokkaðir í þrjú ákveðin þemu og áþreifanlegt þemakort (e. thematic map) var útbúið til að hægt væri að greina þau með sjónrænum hætti. Að lokum var seinasta skref þemagreiningar tekið þegar niðurstöður hennar voru settar í samhengi við fræðilegan grundvöll rannsóknarinnar og leitast var eftir að svara rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með (Braun & Clarke 2006).

3. Niðurstöður

Fyrst verður farið yfir svör úr fyrri hluta viðtalanna, þar sem markmiðið var að kanna hugmyndir viðmælenda um samfélagsmiðla, áhrif miðlanna á samfélagsumræðuna og notkun þeirra sjálfra á miðlunum. Hugmyndir viðmælenda um samfélagsmiðla sem tvíeggja sverð lögðu grunn að umræðunni um óvægna umræðu og áreitni á netinu og var því fyrsta meginþemað. Því næst verður farið yfir hin tvö þemun sem fengust úr gagnagreiningunni og snúa að normaliseringu á netáreitni og upplifun, áhrifum og afleiðingum slíkrar áreitni.

3.1 Samfélagsmiðlar: Tvíeggja sverð

Viðmælendur höfðu almennt sterkar skoðanir á samfélagsmiðlum og töldu þá tvíeggja sverð; þeir byggju yfir ýmsum kostum en einnig göllum. Áhrif miðlanna á samfélagsumræðuna væru bæði jákvæð og neikvæð. Jákvæðu áhrifin væru helst að þeir hefðu gefið öllum tækifæri til að láta rödd sína heyrast, skapað rými fyrir fólk til að koma saman og aukið gagnsæi í opinberri umræðu. Viðmælendur nefndu mikilvægi samfélagsmiðla, að þeir hefðu breytt hefðbundnum fjölmiðlum, rutt úr vegi gömlum hliðvörðum og aukið aðgengi fyrir óháða fjölmiðla. Þetta töldu sumir sérstaklega mikilvægt á Íslandi, þar sem hliðverðirnir hér hefðu lengi vel einkennst af ríkri sérhagsmunagæslu. Í því samhengi sagði einn fjölmiðlamaður (viðtal 2):

Það eru jákvæðar hliðar á því að hliðverðirnir eru farnir, sérstaklega í svona litlu samfélagi eins og í því íslenska þar sem hliðverðirnir voru mjög hagsmunatengdir [...] Það var nauðsynlegt að brjóta upp þessi tækifæri að hliðvörslu sem voru hérna til staðar, auka aðgengið þar til að það sé hægt að búa til [...] fjölmiðla sem eru kannski ekki úr hinu hefðbundna formi en eru með það að meginatriði að veita aðhald og eru óhræddir, eru ekki bundnir einhverjum hagsmunaöflum. Þannig að þetta hefur leikið lykilhlutverk í því að þessir fjölmiðlar sem hafa orðið til hérna á síðasta áratug og hafa lifað af ... að þeir hafi fundið einhverja fótfestu.

Viðmælendum var einnig hugleikinn sá vettvangur sem samfélagsmiðlar hefðu skapað til að knýja fram mikilvægar samfélagslegar breytingar, líkt og þá vitundarvakningu sem hefði átt sér stað að undanfögnu varðandi kynferðislegt ofbeldi. Ein fjölmiðlakona (viðtal 4) komst þannig að orði:

Það hafa orðið ótrúlega dýrmætar og mikilvægar breytingar á samfélaginu og samfélagsumræðunni, ég meina, sjáðu bara MeToo-bylt-ingarnar sem að byrja svona, með myllumerki [...] Konur gátu tjáð sig, hvort sem þær vildu undir nafni eða ekki, um allt það sem ... allan þennan skít og drullu sem hefur gengið á frá upphafi vega og það er ótrúlega dýrmætt.

Á hinn bóginn töldu flestir neikvæð áhrif samfélagsmiðla vera mikil og jafnvel til þess fallin að valda samfélaginu lýðræðislegum skaða, til dæmis með því að grafa undan trú-

verðugleika kosninga og hefðbundinna fjölmiðla. Margir töldu þar við samfélagsmiðla-fyrirtækin sjálf að sakast þar sem þau þyrftu ekki að axla ábyrgð á því sem færi fram á miðlum þeirra. Aðrir töluðu um hið neikvæða viðskiptalíkan sem miðlarnir byggðust á og skautunina sem yrði til út frá algrími miðlanna. Slíka skautun töldu þeir ýta undir grófari nethegðun hjá fólki. Líkt og einn fjölmiðlamaður (viðtal 7) sagði:

Augljóst er að algóritmarnir eru ennþá í því að lyfta póstum sem fá mest viðbrögð og það eru ekki póstarnir sem eru venjulega fallegir og vel þenkjandi sko, heldur það sem vekur reiði, vekur meiri viðbrögð, og algóritmarnir ýta því upp. Þannig að „business-módelið“ er náttúrulega að ýta kannski undir ... að við séum asnar.

Viðmælendur töldu áhrif samfélagsmiðla á sín eigin störf mikil og alltumlykjandi. Stjórnmalafólk taldi sig vera í betri tengslum við almenning þar sem boðleiðirnar væru styttri og hraðari og að miðlarnir hefðu hleypt fólki nær þeim. Samfélagsmiðlarnir hefðu einnig auðveldað alla skipulagningu í kringum stjórn málin. Á sama tíma talaði það um auknar kröfur fólks um aðgengi að því með tilkomu miðlanna. Fjölmiðlafólk taldi áhrif miðlanna á störf sín helst gæta í auknu upplýsingaflæði, auðveldara væri að fylgjast með samfélagsumræðunni og hægt væri að koma efni sínu víðar. Sumir töldu samfélagsmiðla-þróunina hafa bætt mikilli vinnu við starf sitt, þar sem þeir yrðu sjálfir að dreifa efni sínu. Jafnframt að hin óvægna umræða á samfélagsmiðlum gæti stuðlað að aukinni sjálfritskoðun meðal fjölmiðlamanna, þar sem þeir væru meðvitaðir um viðbrögð fólks á miðlunum við umfjöllun þeirra og forðudust að „lenda í hakkavélinni“ (viðtal 7). Rétt eins og stjórnmalafólkið, upplifði fjölmiðlafólk auknar kröfur á aðgengi að sér í hinu stafræna umhverfi. Ólíkt stjórnmalafólkinu taldi flest fjölmiðlafólksins hið greiða aðgengi að þeim jákvætt frekar en neikvætt og í raun eðlilegt í ljósi starfsins.

Samfélagsmiðlanotkun viðmælenda var nokkuð svipuð en þeir litu aðallega á miðlana sem kynningartæki tengt vinnu sinni. Hjá stjórnmalafólkinu voru miðlarnir þeirra helsti samskiptavettvangur við fjölmiðla og fjölmiðlafólkið notaði miðlana að sama skapi til að vera í samskiptum við stjórnmalafólk, aðrar opinberar persónur og heimildamenn. Stjórnmalafólkið notaði miðlana til að tjá skoðanir sínar eða afstöðu til tiltekinna mál-efna, vekja athygli á störfum sínum, ná til kjósenda, skipuleggja sig, taka við endurgjöf og eiga í opinberum samræðum við borgara. Fjölmiðlafólkið sagðist hins vegar nota samfélagsmiðla á hlutlægari hátt þar sem það þyrftu að gæta hlutleysis í störfum sínum. Fréttaöflun var nefnd sem einn stærsti hlutinn af samfélagsmiðlanotkun fjölmiðlafólks og fól meðal annars í sér að fylgja opinberum persónum og stofnunum á samfélagsmiðlum og taka við ábendingum. Einnig notaði fjölmiðlafólk samfélagsmiðla til að fylgjast með umræðunni í samfélaginu og taldi miðlana þeirra helsta dreifingartæki fyrir efni sitt, hvort sem það starfaði á ljósvaka- eða prentmiðlum.

Stjórnmal- og fjölmiðlafólkið átti það sameiginlegt að vera með aðgangsréikninga á flestum samfélagsmiðlum en nota þá mismikið. Facebook var langmest notaði miðillinn meðal þeirra, Twitter næstmest og Instagram minnst notaður, en aðrir miðlar voru varla nefndir á nafn. Viðmælendur voru meðvitaðir um ólíka eiginleika miðlanna og notfærðu sér þá með tilliti til þess. Þeir litu á samfélagsmiðlareikninga sína sem opinbert efni og

voru meðvitaðir um að þeir væru þar sem fulltrúar sinnar opinberu stöðu en ekki sem einstaklingar. Einn stjórnmálamaður (viðtal 5) sagði í þessu samhengi: „Ég er bara rosa-lega meðvitaður um allt sem ... allir statusar sem ég skrifa í hópum sem eru stærri en tíu manns sko, það getur orðið fréttæfni.“ Mjög misjafnt var hversu tilbúnir viðmælendur voru til að deila persónulegu efni á miðlunum. Þeir töldu flestir að mörkin á milli hins faglega og persónulega væru oft afar óljós og að ógjörningur væri að aðskilja einkalíf sitt frá vinnunni. Ein stjórnmálakona (viðtal 8) orðaði það svo:

Það er eiginlega ekki hægt lengur ... þegar þú ert orðin svona opinber persóna. Og fólk vill líka sjá persónulegu hliðina á þér, er forvitid um hvernig dagarnir eru og hvað þú gerir annað en í vinnunni og annað. En þarna er fín lína, ég deili minna persónulegu á Facebook í dag en ég gerði fyrir einhverju síðan og það er svona einhvern veginn fín lína að tryggja öryggi, segja alltaf hvar þú ert ... að einhvern veginn segja frá miklu án þess að þér líði eins og þú sért að opna of mikið á eitt-hvað „privacy“ sko.

Á heildina litið báru viðmælendur, óháð kyni og starfsstétt, því almennt blendnar tilfinningar til samfélagsmiðla og töldu áhrif þeirra, bæði á störf sín og samfélagsumræðuna, mikla og alltumlykjandi. Þeir litu á viðveru sína á miðlunum sem faglega fremur en persónulega, héldu sig að miklu leyti til hlés þar og þótti erfitt að aðgreina einkalíf sitt frá vinnunni.

3.2 Normalisering á netáreitni: Fylgifyskur starfsins

Orðræða viðmælenda einkenndist heilt yfir af því að óvægin umræða og áreitni í þeirra garð á netinu væri eðlilegur fylgifyskur starfs þeirra. Af þeim sökum væri nauðsynlegt að hafa „þykkann skráp“ eða „brynju“ til að vernda sig. Viðmælendur lögðu ólíka túlkun í skilgreininguna á því hvað teldist vera netáreitni. Flestir töldu áreitnina felast í endurteknum og óæskilegum skilaboðum eða athugasemdum sem færu yfir mörk viðtakanda. Hún gæti falist í skilaboðum sem létu fólk upplifa ógn eða óöryggi, svo sem með hótunum um ofbeldi. Allir voru sammála um að *áreitni* væri gjörólíkt *áreiti*, þótt orðin væru svipuð, og nauðsynlegt væri að greina þar á milli. Flestir viðmælendur töldu faglega gagnrýni í gegnum samfélagsmiðla af hinu góða. En voru hins vegar sammála um að þegar athugasemdir snerust um persónu viðkomandi, útlit þeirra eða skodanir þá flokkaðist það sem áreitni. Tíðni skipti einnig miklu máli og fæstir töldu stakar, dónalegar athugasemdir til netáreitni.

Rauði þráðurinn í gegnum frásagnir viðmælenda af netáreitni var tilhneiging þeirra til að draga úr áreitninni og telja hana óumflýjanlegan hluta af starfi þeirra, eða með öðrum orðum að „normalisera“ hana. Á meðan flestir voru sammála um að áreitnin ætti ekki rétt á sér sættu þeir sig við að hún væri hluti af tilveru þeirra. Eins og ein fjölmiðlakonan (viðtal 6) orðaði það: „Þetta er bara það sem allir sem eru að gera eitthvað umdeilt lenda í, *allir* sko.“ Annar fjölmiðlamaður (viðtal 2) sagði:

Þetta er bara eitthvað sem, ég ætla ekki að segja að, hérna, „eigi“ að fylgja starfinu en það bara gerir það og ég held það séu fáir, að minnsta kosti af þeim sem hafa verið í einhvern tíma í blaðamennsku og hafa tekið að sér að fjalla um erfið mál, sem hafa ekki upplifað slíkt.

Fjölmíðlafólkið taldi flest að slík áreitni væri einfaldlega eitthvað sem fylgdi því að fjalla um umdeild málefni. Þau væru undirbúin undir það, á meðan stjórnmálafólkinu fannst almennt að fólk í þeirra stöðu yrði að geta tekið við mun meiri áreitni og gagnrýni en aðrir. Ein stjórnmálakonnan (viðtal 8) sagði: „Þú getur ekkert verið að væla sko, þú ert bara í valdastöðu, þú ert að breyta hlutum, fólk mun finnast það alls konar og þú verður bara að þola það.“ Hún sagði jafnframt að þar sem stjórnmálamenn væru andlit valds væri í langflestum tilvikum eðlilegt að fólk léti reiði sína bitna á þeim og það tilheyrði því stundum að vera í stjórnmálum. Annar stjórnmálamaður (viðtal 3) tók í sama streng:

Mér finnst líka bara stjórnmálamenn verði að þola svona talsvert af því. Við erum bara búinir að setja okkur í þessa stöðu sjálfir að hérna, það er ekkert óeðlilegt við það að fólk hafi sterkar skoðanir á því sem við erum að gera og láti þær skoðanir í ljós [...] Ég held að stjórnmálamenn verði bara að brynja sig svolítið fyrir svona harðri gagnrýni og leiðindum. Við erum að taka ákvarðanir sem hafa bara gríðarleg áhrif á líf fólks og lífskjör, eðlilega.

Viðmælendur drógu þó ákveðna línu við hvers konar netáreitni færi yfir mörkin og í flestum tilvikum fól það í sér einhvers konar hótanir um ofbeldi og jafnvel morðhótanir. Ein stjórnmálakona (viðtal 8) lýsti því þannig:

Þegar það kemur einhver svona ógnandi hegðun og hótun um að mæta eitthvað eða gera einhverjum mein eða eitthvað svoleiðis, þá tilkynnir maður það [...] En ég tilkynni ekki svona almenna áreitni sem felst ekki í einhverju svona.

Viðmælendur réttlættu netáreitni í þeirra garð gjarnan með því að benda á aðrar starfsstéttir sem hefðu það verra. Einn stjórnmálamaður (viðtal 5) taldi hans stétt hafa mun fleiri bjargir en hinn almenni borgari til að takast á við svona áreitni og þetta væri því ekki sérstakt vandamál: „Við erum ágætlega tengd sko, en ég hef meiri áhyggjur af því þegar óbreyttur borgari lendir í einhverri svona hópskömm, smáun.“ Hann taldi áreitnina hafa meiri áhrif á aðra en þá sjálfa: „Fólk er síðan oft bara eyðilagt fyrir lífstíð eftir svona reynslu, þú veist, við bara hættum að þæla í því.“

Þá notuðu sumir ýmis orð yfir áreitnina til að draga úr alvarleika hennar og mátti þar nefna orð eins og „skítastormur“, „fúkyrðaflaumur“, „hakkavél“ og „drullumaskína“. Að sama skapi notaði kvenkyns viðmælandi orðið „ástarbréf“ yfir umsátursáreitni gegn sér og orðið „aðdáandi“ yfir umsátursaðilann. Ein stjórnmálakona (viðtal 8) gerði lítið úr áreitninni með því að taka fram að hún væri ekki daglegt brauð:

Mér finnst það koma stundum í svona törnum, þú veist, maður verður ekkert var við þetta í hverri viku alltaf sko, en maður sér kannski eina og eina ljóta athugasemd alltaf hjá sér í innhólfinu eða eitthvað, eða einhverjum statusum en þetta er ekki eitthvað svona sem er bara vandamál dagsdaglega. Og hluti af þessu er mjög auðvelt að ýta frá sér.

Viðmælendum var öllum tíðrætt um hinn fyrrnefnda þykka skráp, eða brynju, og töldu það eina helstu forsendu þess að ná að endast í starfi sínu. Rætt var um að leggja sig fram við að gleyma þeirri áreitni sem fólk hafði lent í og margir töluðu um að koma sér upp aðferðum til að brynja sig gegn henni. Viðmælendur reyndu að „leiða hjá sér það versta“ (viðtal 2), að þetta liði hjá á endanum og væri eitthvað sem vendist. Ein fjölmiðlakona (viðtal 6) sagði:

Ég næ að lesa, skanna yfir kommentin og maður sér eitthvað ljótt um sig og það er ekki gott, það er ekki þægileg tilfinning en þetta er bara eitthvað sem maður venst sko ... pínu.

Viðmælendur töldu taka tíma að byggja upp brynjuna og að hún kæmi með reynslunni af því að sinna erfiðum málum. Allir höfðu töluverða starfsreynslu að baki og töldu sig vera komna með ansi þykkan skráp og að það þyrfti mikið til að koma þeim úr jafnvægi. Í því samhengi nefndi ein fjölmiðlakonan (viðtal 4) að það sem kæmi henni helst úr jafnvægi væri þegar hún hefði sjálf orðið uppvís að mistökum og gagnrýnin ætti rétt á sér, á meðan öðrum, stjórnmálamanni (viðtal 5), fannst erfiðast þegar fólk bar hann röngum sökum á netinu. Ein stjórnmálakvennanna (viðtal 8) útskýrði þetta þannig:

Þegar þú ert komin með ákveðið þykkan skráp og búin að vera í pólitík í einhvern tíma, þá er mest af þessu sem bara fer í gegnum einhverja svona síu að ég bara varla ... þú veist, ég horfi á þetta og þetta bara snertir mann ekki sko. Þannig að það er alveg bara einstaka sem einhvern veginn fer í gegnum það þegar maður er búinn að vera í pólitík eða opinberri umræðu í þú veist, tíu ár.

Viðmælendur töldu það afar persónubundið hversu næmt fólk væri fyrir svona áreitni og að þolið ykist með tíð og tíma. Ein fjölmiðlakona (viðtal 4) sagðist til að mynda hafa upplifað sinn skerf af óvæginni umræðu og áreitni á netinu en skrápurinn væri orðinn þykkur:

Það hefur ekki samt náð einhvern veginn að snerta mann alveg þannig að það valdi varanlegri vanlíðan eða eitthvað þess háttar. En ég skil alveg að það geti gerst hins vegar, fólk er misviðkvæmt, ég er ekki að segja að ég sé, þú veist, ég er engin ísdrottning, þetta er bara ... það tekur töluverðan tíma held ég örugglega að byggja þetta upp, og ég hef bara haft tíma til þess.

Tveir kvenkyns viðmælendur úr hópi stjórnmalafólks töluðu um að forðast að vekja athygli á netáreitni gagnvart sér þar sem slík umræða gæfi til kynna viðkvæmni. Það væri ekki ákjósanlegur eiginleiki að búa yfir í stjórnmalum. Önnur þeirra (viðtal 8) taldi slíka umræðu gefa höggstað á sér og sagðist þar af leiðandi hika við að taka þátt í henni:

Af því að það vorkennir okkur svo sem enginn heldur (hlær), þú veist, og við megum heldur ekki kalla eftir því [...] Maður getur ekkert eitt-hvað verið að kvarta opinberlega yfir að fólk sé vont við sig, það veikir þig bara sem stjórnmalaman.

Orðræða viðmælenda af báðum stéttum og kynjum einkenndist því töluvert af normalísingu á áreitninni, þar sem dregið var úr henni og hún að einhverju leyti álitin eðlilegur hluti af því að vera opinber persóna. Margir gerðu lítið úr vandanum með margvíslegum hætti og og sumir töldu ekki vænlegt að vekja athygli á áreitninni, þar sem það væri merki um veikleika. Slík umræða var sérstaklega áberandi meðal kvenkyns viðmælenda.

3.3 Upplifun, áhrif og afleiðingar: Dropinn holar steininn

Persónuleg upplifun og reynsla viðmælenda af netáreitni var mjög ólík og í frásögnum þeirra kom til að mynda skýr kynjamunur í ljós. Allar konurnar töldu sig hafa upplifað slíka áreitni, í mismiklum mæli, á meðan einungis einn karlanna taldi sig hafa upplifað hana. Sumir karlkyns viðmælendurnir bentu á kvenkyns samstarfsmenn sína fyrir ítarlegri upplýsingar um málefnið og flestir þeirra töldu netáreitni vera meira vandamál gagnvart konum en körlum. Einn stjórnmalamannanna (viðtal 3) sagði til að mynda:

Ég veit náttúrulega bara að stjórnmalakonur fá alls konar svona ógeðis skilaboð sem við karlarnir myndum aldrei fá sko [...] Mig grunar nú að ef þú tekur viðtöl við, hérna, ungar stjórnmalakonur á þingi þá heyrirðu ýmislegt.

Að sama skapi bentu margar kvennanna á kvenkyns samstarfsmenn sína sem þær vissu að hefðu lent í verri atvikum en þær sjálfar og reyndu þannig að draga úr sinni eigin upplifun af áreitninni. Þá töldu sumir viðmælendur að konur sem störfuðu á opinberum vettvangi væru algengari skotmörk í opinberri umræðu heldur en karlar. Þannig æstu fjölmiðlar oft upp umræðuna á samfélagsmiðlum með því að taka sumar konur endurtekið fyrir í umfjöllun sinni, slíta orð þeirra úr samhengi og reyna að særa fram viðbrögð hjá fólki.

Viðmælendur af báðum kynjum og stéttum upplifðu almennt að netáreitni væri verri gagnvart konum sem störfuðu á opinberum vettvangi heldur en körlum og töldu hana annars eðlis en sú áreitni sem karlarnir yrðu fyrir. Margir töldu um að netáreitni í garð kvenna væri oft grófari og persónulegri en í garð karla og sneri frekar að útliti þeirra, hæfni eða tilfinningum. Einn fjölmiðlamaður (viðtal 7) benti á að netáreitni í garð kvenna væri lítið annað en enn ein birtingarmynd þeirrar kynbundnu áreitni sem ætti sér stað alla daga í raunheimum. Ein fjölmiðlakonan (viðtal 4) taldi konur dæmdar harðar en karlar í sömu stöðu og að áreitnin gegn þeim beindist sjaldnast að störfum þeirra. Ein af stjórnmalakonunum (viðtal 1) orðaði þetta svona:

Ég hef alveg tekið eftir því að kollegar mínir sem eru karlkyns, þeir fá alveg einhverjar skítapillur á sig á netinu og svona, en það er þá oftast svona: „Já, þetta er glataður gæi eða ómurlegur“ eða eitthvað þannig og mögulega verða þeir kallaðir fifl eða eitthvað svoleiðis. En athugasemdir gagnvart konum finnst mér oft miklu, miklu rætnari og meira ógnvekjandi og beinast frekar að því hvernig þær líta út eða þeirra tilfinningalífi eða gáfnafori eða eitthvað slíkt. Og vera meira til þess fallnar að fá okkur til þess að, allavega velta fyrir okkur hvort að við séum alveg örugglega öruggar — líkamlega öruggar, útaf því hvers eðlis þessar athugasemdir geta verið.

Nokkrir viðmælendur nefndu að athugasemdir gagnvart konum á netinu væru oft meira ógnvekjandi en hjá körlum og til þess fallnar að draga úr öryggi þeirra, til dæmis með hótunum um líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Þá töldu þrír af fjórum kvenkyns viðmælendum sig hafa upplifað ofbeldisfullar hótanir með einhverjum hætti og þar af töldu tvær þeirra um að hafa fengið morðhótanir. Ein stjórnmálakonan (viðtal 1) taldi sig hafa upplifað áreitni sem var ætlað að vekja ótta og sagði:

Ég hef líka alveg fengið skilaboð þar sem að fólk gefur í skyn að það viti hvar ég á heima ... eða bara segir það berum orðum að það viti hvar ég eigi heima, og eitthvað svona. Það hefur sent mér heimilisfangið mitt og sagt mér að þarna búi ég, og svona. Þannig að ... hérna, ég hef alveg verið látin vita að fólk viti hvar ég bý.

Eini karlkyns viðmælandinn sem taldi sig hafa upplifað netáreitni með beinum hætti, fjölmiðlamaður (viðtal 2), hafði þó einnig fengið mjög alvarlegar hótanir og lýsir því á þann hátt:

En svo hef ég bara fengið beinar hótanir um ... bara að valda mér miska ... og ofbeldi, það hefur gerst alveg í raunheimum eins og það hefur gerst stafrænt. En enginn gert neitt í því á endanum skilurðu, en hérna, það hefur alveg komið fyrir að við höfum haft samband við lögregluna vegna þess að við höfum ... ekki verið alveg rónni yfir einhverju sem hefur átt sér stað.

Viðmælendur af báðum kynjum töldu einnig um að konur í opinberum störfum lentu stundum í „ástsjúkum“ einstaklingum sem sætu um þær, eða eltihrellum (e. stalkers). Ein kona í þeim hópi (viðtal 8) hafði upplifað slíkt af eigin raun:

Maður er að reyna að kæfa það sem er bara, morðhótanir eða gengur alltof langt en maður er samt ekkert nógu duglegur við það af því að þetta er alltof mikið sko, þetta er ... þú veist, einn og einn sem hafa einhvern veginn orðið svona til ama ... til lengri tíma [...] Það getur orðið ítrekað, þannig að það verði svona ... „stalker vibes“, sem verður einhvers konar umsátur ... uhm já, þetta er alveg allur skalinn sko.

Nokkurra þversagna gætti hjá viðmælendum um áhrif og afleiðingar netáreitni og sköruðust frásagnir oft á við þau viðhorf sem komu fram fyrr í viðtölunum. Á meðan flestir töluðu um að hafa þykkan skráp var ljóst að áreitnin hefði sannarlega haft einhver áhrif í för með sér. Sumir sögðu það berum orðum, á meðan merkja mátti áhrifin í gegnum svör annarra. Í upphafi viðtala leitust viðmælendur þannig við að gera lítið úr áreitninni og afleiðingum hennar en þegar leið á viðtölin fóru þeir í auknum mæli að greina frá þeim áhrifum sem áreitnin hafði haft á þá.

Áhrifin sem greina mátti á viðmælendum sneru helst að sálrænum áhrifum eða tengdum starfi þeirra. Sálrænu áhrifin fólust meðal annars í ótta, kvíða, smánun eða annarri vanlíðan. Sumir upplifðu að gert væri lítið úr sér í opinberri umræðu og ein stjórnmalakona (viðtal 1) sagðist reglulega lenda í áreitni á netinu sem sneri að útliti sínu, með þeim afleiðingum að það ýfði upp gömul sár. Ein fjölmiðlakonan (viðtal 6) hafði áður hætt í starfi sökum mikillar netáreitni í sinn garð þegar hún hafði fjallað um umdeild málefni:

Út af því að, að lokum þá verður þetta ... óbærilegt ... auðvitað ... þú veist, þetta virkar. Árásir virka. Vegna þess að þetta er vont, maður bara fyllist kvíða og maður verður þunglyndur og maður fær léleg laun fyrir þetta, það þekja mann allir [...] Þannig að, þú veist, það er ekkert skrítið að fólk hrekist úr þessum störfum [...] Þú ert að selja sjálfan þig, þú ert orðin einhvers konar opinber figúra ... fyrir hvað?

Sú áreitni sem beindist að fjölskyldu viðkomandi hafði mikil áhrif á viðmælendur og olli sumum reiði. Einum þeirra fannst það til dæmis ganga of nærri sínum einkahögum þegar fólk skrifaði opinberar athugasemdir varðandi börnin hans. Ótti var önnur tilfinning sem viðmælendur nefndu, en nokkrir þeirra höfðu fengið skilaboð sem gerðu þá óörugga og sögðu að alvarlegar hótanir yllu þeim áhyggjum. Ein stjórnmalakona (viðtal 8) lýsti því þannig:

Þegar fólk blandar fjölskyldunni þinni inn í það eða ef það kemur með einhverja svona, annað hvort svona líkamlegar eða hótanir einhverjar eða einhvern veginn veit hvar þú ert, er einhvern veginn að fylgjast með þér skilurðu, þegar þú einhvern veginn efast um öryggi þitt sko. Já, það er svona það sem nær í gegn og maður hefur áhyggjur af.

Starfstengdu áhrifin fólust meðal annars í því að sumir töldu netáreitni geta dregið úr vilja fólks til að halda áfram á sínum starfsvettvangi. Einn fjölmiðlamaður (viðtal 7) taldi áreitnina geta verið þreytandi til lengdar og meðal annars valdið kulnunareinkennum. Viðmælendur af báðum kynjum töluðu einnig um að hin grófa netumræða í garð kvenna hefði fælandi áhrif og drægi úr áhuga kvenna á opinberum störfum. Ein stjórnmalakonan (viðtal 1) taldi áreitnina til að mynda stundum fá sig til að efast um starfið. Þá talaði fjölmiðlafólkið einnig um að netáreitni gæti leitt til sjálfsritskoðunar, þar sem fólk forðaðist mál sem gætu sprungið út á samfélagsmiðlum. Viðmælendur voru allir samála um að ítrekuð, neikvæð skilaboð í gegnum netið teldu vissulega saman og hefðu áhrif að lokum. Eins og einn fjölmiðlamaðurinn (viðtal 7) sagði:

Það er ekki til neitt sem heitir að brynja sig. Þú veist, þú getur búið til einhverja svona brynju en hún er aldrei 100%, og brynja þýðir líka svolítið að þú sért að ljúga að sjálfum þér að þetta hafi engin áhrif. Auðvitað hefur þetta áhrif, við erum bara öll mannleg.

Kona úr sama hópi (viðtal 4) taldi sig hafa mjög þykkann skráp og tæki áreitni í gegnum netið almennt ekki mjög nærri sér, en enginn væri þó þannig að ekkert hefði áhrif:

Það er ekki þannig að þú getur bara sagt: „Ég er bara með svo þykkann skráp og ég finn ekki fyrir þessu“, af því að það gera það allir. Ef það er hamrað nógu lengi þá fer það í gegn [...] Þannig að já, ég ætla ekki að segja að það hafi aldrei nein áhrif á mann, nei, það væri ekki satt.

Ein stjórnmálakonnan (viðtal 1) lýsti áhrifum netáreitni á sig sem eins konar ferli sem hún gengi í gegnum:

Svo loka ég bara á þetta eftir einhvern tíma, skilurðu. Maður svona ... ég kemst í eitthvað uppnám, svona meðan þetta stendur yfir, eftir að ég sé þetta eða eitthvað svoléiðis, og svo á einhverjum tímamarki bara afgreiði ég þetta, ég meina, það er nóg að gera hjá mér, ég þarf ekkert að sitja yfir því allan daginn hvað fólk er að segja um mig. En ... en þú veist, þetta telur alveg saman. Þetta verður á endanum alveg ... frekar mikið einhvern veginn.

Umræðan gagnvart áreitninni varð þannig alvarlegri eftir því sem á leið viðtölin og margir veltu fyrir sér hvort of mikið umburðarlyndi væri gagnvart netáreitni í garð stjórnmála- og fjölmiðlafólks á Íslandi. Flestir töldu áreitni af þessu tagi afar óæskilega og oft óásættalega og voru á endanum sammála um að þetta væri vandi sem þyrfti að taka á hér á landi. Einn fjölmiðlamaður (viðtal 2) taldi sinni starfsstétt stundum hætta til að vera of umburðarlynd, eða brynjuð, gagnvart slíkri áreitni. Það væri að hluta til vegna smæðar samfélagsins, þar sem allir þekktu alla:

Það er oft talað um að ef maður lýsir hlutum á ensku þá einhvern veginn áttar maður sig betur á þeim. Þegar maður er að lýsa þessu fyrir erlendum kollegum [...] þá kannski skilur maður það að hérna, að hluta til erum við of „tolerant“ fyrir áreitni sem er ekkert í lagi. Þannig að, já, gagnvart okkur er auðvitað margs konar áreitni, og hún er misalvarleg en við ættum kannski að taka hana aðeins meira alvarlega.

Einn stjórnmálamannanna (viðtal 5), sem hafði lagt mikla áherslu í viðtalinu á jákvæðar hliðar samfélagsmiðla og síns starfsvettvangs, sagði til að mynda í lokin að umburðarlyndið gæti verið varnarviðbragð við áreitninni: „Þrátt fyrir allt sem ég er búinn að vera að segja, þá auðvitað höfum við tilhneigingu til þess að sko [...] gera lítið úr hlutum líka, það eru náttúruleg viðbrögð.“

Viðmælendur bentu á að ekki væri eðlilegt að segja hvað sem væri um opinberar persónur, jafnvel þó þær ættu að þola meiri áreitni en aðrir. Einn fjölmiðlamaður (viðtal 7)

taldi að enginn vissi í raun hversu mikið umburðarlyndi væri viðeigandi gegn netáreitni, þar sem samfélagið hefði ekki enn lært hvar mörkin á viðeigandi hegðun á netinu liggja. Önnur fjölmiðlakona (viðtal 4) tók í svipaðan streng og taldi viðhorfsbreytingu þurfa að eiga sér stað varðandi umræðu um opinberar persónur á netinu.

Samandregið þá var upplifun og reynsla viðmælenda af netáreitni afar misjöfn og töldu stjórn mála- og fjölmiðlakonur sig frekar hafa upplifað netáreitni en karlkyns samstarfsmenn þeirra. Margir töldu áreitnina ólíka á milli kynja, þar sem áreitni gagnvart konum væri oft persónulegri og svæsnari en sú áreitni sem karlar verða fyrir. Flestir voru einnig sammála um að netáreitni væri stærra vandamál gagnvart konum en körlum. Áhrif áreitninnar á viðmælendur voru margvísleg og sneru einna helst að sálrænum eða starfstengdum áhrifum. Í ljósi þess að konur voru í meirihluta þeirra sem töldu sig hafa upplifað netáreitni með beinum hætti var eðlilegt að áreitnin hefði haft meiri áhrif á þær en karlkyns viðmælendurnar — sérstaklega hvað varðar sálrænu áhrifin. Þrátt fyrir að viðmælendur virtust flestir í ákveðinni vörn í upphafi viðtala voru þeir tilbúnari til að gangast við afleiðingum áreitninnar eftir því sem á leið. Að endingu voru allir sammála um að ítrekuð áreitni í gegnum netið næði á endanum í gegn og að dropinn holaði þannig steininn.

4. Umræður og lokaorð

Á heildina litið töldu viðmælendur samfélagsmiðlaþróunina bæði jákvæða og neikvæða og töldu upp kosti og galla í takt við þá sem fjallað hefur verið um í rannsóknum og fræðilegri umræðu. Margir viðmælendur töluðu um mikilvægi miðlanna sem vettvang fyrir þær miklu samfélagslegu breytingar sem hefðu átt sér stað undanfarið, sérstaklega varðandi umræðu MeToo-byltingarinnar um kynferðisofbeldi. Líkt og farið var yfir í fræðihluta greinarinnar telja margir að netið hafi markað upphafið að endalokum hefðbundinnar hliðvörslu og slíkrar orðræðu gætti einnig hjá viðmælendum. Þannig nefndu margir breytt hliðvarðahlutverk í tengslum við fjölmiðla- og stjórn málaumfjöllun sem einn af helstu kostum samfélagsmiðlaþróunarinnar. Þar hefðu rötgrónum, hagsmunatengdum valdasamböndum verið stokkað upp og grafið hefði verið undan áhrifum og dagskrárvaldi hinna hefðbundnu fjölmiðla. Með þeim afleiðingum að auka aðgengi óháðra fjölmiðla að umræðunni og þar með fjölga þátttakendum í hliðvörsluferlinu, rétt eins og Singer (2014) bendir á.

Hvað gallana varðaði töldu viðmælendur neikvæð áhrif samfélagsmiðla síst minni og felast einna helst í þeirri skautun sem ætti sér í auknum mæli stað meðal notenda og skapaði hugmyndafræðilega gjá, líkt og Tucker og félagar (2018) hafa fjallað um. Slíka skautun töldu viðmælendur margir ýta undir grófari nethegðun hjá fólki, oft í formi netáreitni. Viðmælendum var tíðrætt um hið neikvæða viðskiptalíkan samfélagsmiðla sem tengist umræðunni um þann „eftirlitskapítalísma“ sem Zuboff (2019) hefur skilgreint og snýr að því hvernig tæknifyrirtæki heimsins safna og hagnast á persónugögnum notenda sinna. Margir höfðu einnig áhyggjur af þeim neikvæðu áhrifum sem miðlarnir gætu haft á lýðræðið, svo sem með því að dreifa fólkskum upplýsingum og grafa undan grunnstöðum í samfélaginu, og er það í anda þess sem Davis (2019) talar um.

Viðmælendur töldu hið stafræna umhverfi gera auknar kröfur til aðgengis fólks að sér en tóku því misvel. Fjölmiðlafólkið tók því fagnandi á meðan stjórnmálafólkið leit á það sem aukið áreiti. Þetta er áhugavert í ljósi þess sem fjallað var um fyrr í greininni varðandi aðgengi og kröfur almennings, en þar kemur fram að ólíkar kröfur séu gerðar á þessar tvær starfsstéttir. Samfélagið hefur gert ríkari kröfur um aðgengi að fjölmiðlafólki en stjórnmálafólki og því gæti verið um töluverð viðbrigði að ræða fyrir síðarnefnda hópinn. Í umfjöllun um samfélagsmiðlanotkun stjórnmála- og fjölmiðlafólks hafa Ekman og Widholm (2015) bent á hvernig samfélagsmiðlar hafa skapað óljós mörk á milli hins faglega og persónulega. Viðmælendur tengdu flestir við það og töldu ógjörning að greina þar á milli þar sem þeir væru opinberar persónur. Þeir litu því allir á samfélagsmiðlareikninga sína sem opinbert efni og gættu vel að því hvað þeir settu fram þar.

Rauði þráðurinn í gegnum viðtölin sneri að normaliseringu viðmælenda af báðum stéttum og kynjum á netáreitni. Þannig var áberandi hvernig viðmælendur drógu úr þeirri áreitni sem þeir höfðu orðið fyrir, venjuserðu hana, töldu hana ekki hafa teljandi áhrif á sig og töluðu um nauðsyn ákveðinna varnarviðbragða. Í því samhengi var merki-legt hvernig allir viðmælendur notuðu sömu orðin á víxl; „brynja“ eða „þykkur skrápur“, og var tíðrætt um þau. Af svörum viðmælenda mátti merkja að netáreitni væri eðlilegur og órjúfandi hluti þess að starfa á opinberum vettvangi, og að allir í þessum störfum hefðu upplifað hana. Óþarfi væri að gera of mikið úr áreitninni þar sem þeirra stéttir væru betur brynjaðar fyrir henni en flestar aðrar. Þetta var sérstaklega einkennandi fyrir stjórnmálafólkið, en sumir tóku harða afstöðu til réttar almennra borgara til að tjá sínar skoðanir á kjörnum fulltrúum. Áhugavert er að tengja þetta hinum óljósu mörkum sem áður hefur verið komið inn á, þar sem fólk á oft erfitt með að greina á milli þess hvað sé fagleg eða persónuleg gagnrýni.

Niðurstöðurnar tengjast stærri umræðu um mörk samfélagsins hvað varðar netið almennt og hvernig þau mörk hafa ekki verið skilgreind. Tengja má normaliseringu viðmælenda við þær ástæður sem taldar eru liggja að baki netáreitni og eru raktar í fræðihluta greinarinnar. Þar benda Lapidot-Lefler og Barak (2012) á að fólk líti stundum á netið sem óáþreifanlegan og huglægán vettvang þar sem meira leyfist en í raunveruleikanum og fólk er ekki jafn ábyrgt fyrir gjörðum sínum. Hin harðgerða orðræða sumra stjórnmálamannanna í garð netáreitni tengist einnig dýpri umræðu um styrkleika og veikleika fólks í stjórnmálum, og þar skiptir kyn líklega miklu máli, en sú umræða var sérstaklega áberandi meðal kvenkyns viðmælenda. Líkt og tvær þeirra komu inn á, gaf viss umræða til kynna viðkvæmni og hún gat gefið höggstað á þeim sem stjórnmálamönnum. Að sama skapi nefndi ein fjölmiðlakonan að hún væri ekki „ísdrottning“, þrátt fyrir að hafa þykkar skráp, og vísar þar í rótgrónar staðalhugmyndir um alvörugefnar konur sem ekkert snertir.

Eins og sjá mátti á svörum viðmælenda þótti þeim ekki öll netáreitni í lagi og drógu skýra línu við það hvað þeir töldu óásættanlegt. Þar var langoftast vísað í hegðun sem fól í sér ofbeldi, en áhugavert var að sjá hversu hár sá þröskuldur var, þar sem ófgafyllstu dæmin (t.d. morðhótanir) voru gjarnan notuð sem viðmið. Einn viðmælandi talaði um að tilkynna slíka hegðun en ekki „svona almenna áreitni“ — sem er lýsandi dæmi fyrir

Þá normaliseringu sem einkenndi orðræðuna. Línuna drógu þeir einnig við áreitni sem snerti fjölskyldu þeirra, en þeir opnuðu sig meira um áhrif netáreitni þegar hún sneri að öðrum en þeim sjálfum. Svipað var uppi á teningnum þegar þeir ræddu áhrif netáreitni á fólk sem væri nýtt í starfi eða almenna borgara, líkt og einn stjórnmálamaðurinn benti á þegar hann taldi stjórnmálamenn ekki velta sér mikið upp úr slíkri áreitni en að venjulegt fólk væri oft eyðilagt fyrir lífstíð eftir slíka reynslu.

Út frá kenningum og rannsóknum um kynjaða netáreitni og þeirri almennu þekkingu sem til er um stöðu kvenna í samfélaginu kom ekki á óvart að skýr kynjamunur birtist í niðurstöðunum varðandi upplifun og reynslu viðmælenda af netáreitni. Niðurstöðurnar sýndu að netáreitni væri mun algengari meðal kvenna en karla, en allir kvenkyns viðmælendurnir töldu sig hafa upplifað netáreitni í einhverri mynd, á meðan einungis einn karlanna taldi sig hafa upplifað slíkt. Rannsókn UNESCO (2021) sem fjallað er um í greininni rennir stöðum undir þetta, en þar kom fram að konur væru í langstærsta áhættuhópnum meðal blaðamanna á að lenda í netáreitni, sérstaklega í grófari tegundum hennar. Viðmælendur voru sammála um að sú áreitni sem konur yrðu fyrir á netinu væri rætnari og persónulegri en sú áreitni sem karlar yrðu fyrir. Oftar væri sett út á útlit kvenna, hæfni þeirra eða tilfinningar, og rímar það við lýsingar Barker og Jurasz (2019) á eðlismun áreitninnar á milli kynja. Þar kom fram að netáreitni gegn konum sneri frekar að þeirra persónu en nokkru öðru. Líkt og Citron (2014) hefur bent á, var netáreitni í garð karla oft með hlutlægari hætti en í garð kvenna og sneri frekar að því að gagnrýna þá út frá faglegum forsendum, skoðunum eða gjörðum. Birtingarmyndir netáreitninnar birtust með alvarlegum hætti í niðurstöðunum, en allar konurnar nema ein höfðu fengið ofbeldisfullar hótanir í gegnum netið — jafnvel hótanir um líflát. Líkt og Jane (2020) bendir á, virðist raunin vera sú að konur lenda mun frekar í alvarlegri tegundum netáreitni en karlar, sem getur haft veigameiri áhrif á þær.

Niðurstöður þemagreiningarinnar sýndu að lokum að þrátt fyrir þá brynjun sem viðmælendur töldu sig hafa gegn netáreitni var augljóst að hin endurteknu, neikvæðu skilaboð sem hún fæli í sér höfðu greinilega áhrif og afleiðingar í för með sér. Á meðan einhverjir viðmælendur voru opinskáir með þau áhrif sem áreitnin hafði haft á þá, voru aðrir lokaðri og töldu fátt snerta sig. Starfstengdu áhrif áreitninnar fólu meðal annars í sér neikvæðar afleiðingar á borð við kulnun, fælingarmátt á starfsvettvang og sjálfritrskoðun. Þá var sláandi að sjá á svörum sumra viðmælenda hversu alvarleg sálrænu áhrifin gátu verið. Hjá einum viðmælandanum ýfði netáreitni til dæmis upp neikvæða upplifun úr æsku hans og hjá öðrum olli það alvarlegri vanlíðan. Þar sem konur voru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem töldu sig hafa upplifað netáreitni hafði hún augljóslega mun meiri áhrif á þær en karlana.

Merkilegt var hvernig orðræða viðmælenda breyttist eftir því sem leið á viðtölin og oft var eins og þeir hefðu ígrundað áreitnina meðan á viðtölunum stóð. Alvarleiki hennar ágerðist og margir tóku harðari afstöðu til hennar en í upphafi. Á sumum stöðum var það í andstöðu við fyrri svör þeirra, sem höfðu frekar einkennt af normaliseringu, en annars staðar hafði það ágerst eftir því sem á leið. Þetta getur verið eðlileg þróun í ljósi rannsóknaraðferðarinnar, þar sem viðbúið er að viðmælendur séu lokaðri í upphafi

viðtals og opni sig svo eftir því sem á líður. Í flestum tilvikum opnaði umræðan á seinni stigum viðtalanna á dýpri vangaveltur um dekkri hliðar áreitninnar en áður mátti merkja. Það má eflaust rekja til ákveðinna varnarviðbragða sem fólk grípur til, þar sem það leitast við að gera minna úr hlutunum til þess að geta komist í gegnum þá. Undir lok viðtalanna var augljóst á orðræðu viðmælenda að þeir gerðu sér grein fyrir því að netáreitni væri raunverulegt vandamál sem mögulega ríkti of mikið umburðarlyndi gagnvart hér á landi og full ástæða væri til að taka meira mark á. Þrátt fyrir skráþinn sem viðmælendum var tíðrætt um í upphafi töldu þeir allir á endanum að enginn væri það vel brynjaður að hann fyndi engin áhrif af óvæginni umræðu eða áreitni á netinu. Líkt og einn fjölmiðla- maðurinn benti á að „ef það er hamrað nógu lengi þá fer það í gegn.“

Niðurstöður rannsóknarinnar veita mikilvæga innsýn í reynslu og upplifun fjölmiðla- og stjórnmálafólks af netáreitni og þeirri óvægnu umræðu sem henni tengist. Er það í fyrsta sinn sem slík rannsókn hefur verið framkvæmd hér á landi með tilliti til beggja þessara hópa. Hún hefur þannig skapað nýja þekkingu á fræðasviðinu, sem augljóst var að brýn þörf væri á. Engu að síður er vert að nefna þær takmarkanir sem rannsókninni eru settar og snúa einna helst að umfangi hennar. Líkt og með aðrar eigindlegar rannsóknir er ekki hægt að yfirfæra niðurstöður hennar yfir á stærra þýði. Frekari rannsóknnum gæti þannig reynst vel að fá stærra úrtak viðmælenda til að geta kortlagt áhrif áreitninnar enn ítarlegar en hér var hægt. Eins gæti verið áhugavert að leyfa fleiri mismunarbreytum að skína í gegn, svo sem með tilliti til kynþáttar, aldurs eða kynhneigðar. Þá er mikilvægt að kafað sé dýpra ofan í þann kynjamun sem birtist hér í niðurstöðunum. Líkt og niðurstöður þessarar rannsóknar hafa bersýnilega sýnt getur netáreitni í öllum sínum birtingarmyndum haft mikil og afdrifarík áhrif á þá sem fyrir henni verða og því er nauðsynlegt að rannsaka og ræða málið nánar, en meðal annars þarf að skilgreina betur þau mörk sem eðlilegt þykir að búa við á netinu til að valda ekki öðrum skaða.

Heimildir

- Allcott, H. og Gentzkow, M. (2017). „Social Media and Fake News in the 2016 Election“, *Journal of Economic Perspectives* 31(2), 211-236. <https://doi.org/10.1257/jep.31.2.211>
- Amnesty International (2018). *#Toxic Twitter - Violence and abuse against women online*. London: Amnesty International.
- Bakshy, E., Messing, S. og Adamic, L.A. (2015). „Exposure to ideologically diverse news and opinion on Facebook“, *Science* 348(6239), 1130-1132. <https://doi.org/10.1126/science.aaa1160>
- Barker, K. og Jurasz, O. (2019). „Online Misogyny“, *Journal of International Affairs* 72(2), 95-114. Sótt af <https://www.jstor.org/stable/10.2307/26760834>
- Berg, B.L. (2009). *Qualitative research methods for social sciences* (7. útg.). Boston: Allyn and Bacon.
- Birgir Guðmundsson (2021). „Öryggi heima og heiman“, *Bládamadurinn* 1(43), 22-24. Sótt af https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/bladamadur_juni2021_umbrot.pdf
- Blaikie, N. (2009). *Designing Social Research: The Logic of Anticipation* (2. útg.). Cambridge: Polity.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). „Using thematic analysis in psychology“, *Qualitative Research in Psychology* 3(2), 77-101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp0630a>
- Charmaz, K. (2014). *Constructing Grounded Theory* (2. útg.). London: SAGE Publications.
- Citron, D.K. (2014). *Hate Crimes in Cyberspace*. Cambridge: Harvard University Press.
- Curran, J. (2016). „The internet of history: Rethinking the internet's past“, í J. Curran, N. Fenton og D. Freedman (ritstj.), *Misunderstanding the Internet* (2. útg.) (bls. 48-84). New York: Routledge.

- Davis, A. (2009). „Journalist-Source Relations, Mediated Reflexivity and the Politics of Politics“, *Journalism Studies* 10(2), 204-219. <https://doi.org/10.1080/14616700802580540>
- Davis, A. (2019). *Political Communication: A New Introduction for Crisis Times*. Cambridge: Polity Press.
- Ekman, M. og Widholm, A. (2015). „Politicians as Media Producers: Current trajectories in the relation between journalists and politicians in the age of social media“, *Journalism Practice* 9(1), 78-91. <https://doi.org/10.1080/17512786.2014.928467>
- Eurostat (2021). „Individuals – internet activities“. Sótt af <https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/bookmark/6c3fc0f5-382a-438b-87f3-4b0ab7abf934?lang=en>
- Farkas, J. og Schou, J. (2020). *Post-Truth, Fake News and Democracy: Mapping the Politics of Falsehood*. New York: Routledge.
- Fenton, N. (2016). „The internet of me (and my ‘friends’)“, í J. Curran, N. Fenton og D. Freedman (ritstj.), *Misunderstanding the Internet* (2. útg.) (bls. 145-172). New York: Routledge.
- Finneman, T., Thomas, R.J. og Jenkins, J. (2019). „‘I Always Watched Eyewitness News Just to See Your Beautiful Smile’: Ethical Implications of U.S. Women TV Anchors’ Personal Branding on Social Media“, *Journal of Media Ethics* 34(3), 146-159. <https://doi.org/10.1080/23736992.2019.1638260>
- Fjölmiðlanefnd (2021). *Miðlalagi á Íslandi. Hluti III: Haturstal og neikvæð upplifun af netinu*. Reykjavík: Fjölmiðlanefnd.
- Freedman, D. (2016). „The internet of capital: Concentration and commodification in a world of abundance“, í J. Curran, N. Fenton og D. Freedman (ritstj.), *Misunderstanding the Internet* (2. útg.) (bls. 85-116). New York: Routledge.
- Fuchs, C. (2017). *Social Media: A Critical Introduction* (2. útg.). London: SAGE Publications.
- Garimella, K., De Francisci, G., Gionis, A. og Mathiouadakis, M. (2018, apríl). *Political Discourse on Social Media: Echo Chambers, Gatekeepers, and the Price of Bipartisanship*. Grein kynnt á ráðstefnu WWW 2018: The 2018 Web Conference, Lyon. <https://doi.org/10.1145/3178876.3186139>
- Howard, P.N., Duffy, A., Freelon, D., Hussain, M., Mari, W. og Mazaid, M. (2011). „Opening Closed Regimes: What Was the Role of Social Media During the Arab Spring?“. Sótt af <https://ssrn.com/abstract=2595096>
- Jane, E.A. (2020). „Online abuse and harassment“, í K. Ross, I. Bachmann, V. Cardo, S. Moorti og C. M. Scarcelli (ritstj.), *The International Encyclopedia of Gender, Media and Communication* (bls. 1-16). Hoboken: Wiley-Blackwell. <https://doi.org/10.1002/9781119429128.iegmc080>
- kjarninn.is (2022). „Hugaði að skila inn kjörbréfinu vegna persónuárása“, 15. apríl 2022. Sótt af <https://kjarninn.is/skyring/i/hugadi-ad-skila-inn-kjorbrefinu-vegna-personuarasa/>
- Kreiss, D. (2016). „Seizing the moment: The presidential campaigns’ use of Twitter during the 2012 electoral cycle“, *New Media & Society* 18(8), 1473-1490. <https://doi.org/10.1177/1461444814562445>
- Lapidot-Lefler, N. og Barak, A. (2012). „Effects of anonymity, invisibility, and lack of eye-contact on toxic online disinhibition“, *Computers in Human Behavior* 28(2), 434-443. <https://doi.org/10.1016/j.chb.2011.10.014>
- Lazer, D.M.J., Baum, M.A., Benkler, Y., Berinsky, A.J., Greenhill, K.M., Menczer, F., Metzger, M.J., Nyhan, B., Pennycook, G., Rothschild, D., Schudson, M., Sloman, S.A., Sunstein, C.R., Thorson, E.A., Watts, D.J. og Zittrain, J.L. (2018). „The Science of Fake News“, *Science* 359(6380), 1094-1096. <https://doi.org/10.1126/science.aao2998>
- Lowry, B.P., Zhang, J., Wang, C. og Siponen, M. (2016). „Why Do Adults Engage in Cyberbullying on Social Media? An Integration of Online Disinhibition and Deindividuation Effects with the Social Structure and Social Learning Model“, *Information Systems Research* 27(4), 962-986. <https://doi.org/10.1287/isre.2016.0671>
- Rosenthal, M. (2016). „Qualitative research methods: Why, when, and how to conduct interviews and focus groups in pharmacy research“, *Currents in Pharmacy Teaching and Learning* 8(2016), 509-516. <http://dx.doi.org/10.1016/j.cptl.2016.03.021>
- Shoemaker, P.J. og Vos, T. (2009). *Gatekeeping Theory*. New York: Routledge.

- Singer, J.B. (2014). „User-generated visibility: Secondary gatekeeping in a shared media space“, *New Media & Society* 16(1), 55-73. <https://doi.org/10.1177/1461444813477833>
- Statista (2021). „Global digital population as of January 2021“. Sótt af <https://www.statista.com/statistics/617136/digital-population-worldwide/>
- Statista (2022). „Number of social network users worldwide from 2017-2025“. Sótt af <https://www.statista.com/statistics/278414/number-of-worldwide-social-network-users/>
- Stier, S., Bleier, A., Lietz, H. og Strohmaier, M. (2018). „Election Campaigning on Social Media: Politicians, Audiences, and the Mediation of Political Communication on Facebook and Twitter“, *Political Communication* 35(1), 50-74. <https://doi.org/10.1080/10584609.2017.1334728>
- Tandoc, E.C. Jr. og Vos, T.P. (2015). „The journalist is marketing the news. Social media in the gatekeeping process“, *Journalism Practice* 10(8), 950-966. <https://doi.org/10.1080/17512786.2015.1087811>
- Tromble, R. (2018). „Thanks for (actually) responding! How citizen demand shapes politicians' interactive practices on Twitter“, *New Media & Society* 20(2), 676-697. <https://doi.org/10.1177/1461444816669158>
- Tucker, J.A., Theocharis, Y., Roberts, M.E. og Barberá, P. (2017). „From Liberation to Turmoil: Social Media and Democracy“, *Journal of Democracy* 28(4), 46-59. <https://doi.org/10.1353/jod.2017.0064>
- Tucker, J.A., Guess, A., Barbera, P., Vaccari, C., Siegel, A., Sanovich, S., Stukal, D. og Nyhan, B. (2018). „Social Media, Political Polarization, and Political Disinformation: A Review of the Scientific Literature“. Sótt af <https://ssrn.com/abstract=3144139>
- UNESCO (2021). „Journalism is a public good: world trends in freedom of expression and media development: global report 2021/2022; Highlights“. Sótt af <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000379826>
- Valgerður Jóhannsdóttir, Jón Gunnar Ólafsson og Friðrik Þór Guðmundsson (2021). „Iceland: A small media system facing increasing challenges“, í J. Trappel og T. Tomaz (ritstj.), *The Media for Democracy Monitor 2021: How leading news media survive digital transformation* (bls. 275-314). Nordicom: University of Gothenburg.
- visir.is (2022). „Dagur fordæmir árás á sósíalista en Brynjar talar um hræsní“, 5. september. Sótt af <https://www.visir.is/g/20222307044d/dagur-for-daemir-aras-a-sosial-ista-en-brynjar-talar-um-hraesni>
- Wang, G.T. og Park, K. (2016). *Student Research and Report Writing: From Topic Selection to the Complete Paper*. Hoboken: Wiley Blackwell.
- Wardle, C. og Derakhshan, H. (2017). „Information Disorder: Toward an interdisciplinary framework for research and policy making“. Sótt af <https://rm.coe.int/information-disorder-report-version-august-2018/16808c9c77>
- Zuboff, S. (2019). *The Age of Surveillance Capitalism: The Fight for a Human Future at the New Frontier of Power*. New York: Public Affairs.